



16. maí 2002

Fjársýsla ríkisins

Fjármálaráðuneytið hefur breytt tilhögun ríkisfjárhirslu, sem rekin hefur verið í sjálfstæðri stofnun ríkisfjárhirslu undir forstöðu ríkisfjárhirðis um áratuga skeið. Breytingin tók gildi 1. mars sl. er Ríkisbókhaldi voru falin verkefni ríkisfjárhirslunnar. Þetta var gert í framhaldi af úttekt ráðuneytisins á starfsemi ríkisfjárhirslunnar og Ríkisbókhalds á síðasta ári. Niðurstaða þeirrar athugunar var að ná mætti fram auknu hagræði með sameiningu á verkefnum stofnananna. Hagræðingin kemur m.a. fram í einfaldara ferli skjala, bættu greiðsluferli og uppgjöri bókhalds. Nýtt fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins sem tekið verður í notkun á þessu ári og því næsta ýtir enn frekar undir þessa hagræðingu.

Hlutverk Ríkisbókhalds hefur tekið allnokkrum breytingum á undanförmum árum. Launaafgreiðsla ríkisins var flutt frá fjármálaráðuneytinu til stofnunarinnar á árinu 1998 og nú hefur starfsemi ríkisfjárhirslunnar verið færð þangað. Í kjölfar þessara breytinga á hlutverki stofnunarinnar var ákveðið að breyta því í lögum og einnig að breyta heiti stofnunarinnar til samræmis. Því var lagt fram frumvarp á vörþinginu til breytingar á Fjárreiðulögum og öðrum lögum þar að lútandi. Alþingi afgreiddi lög in sl. föstudag þannig að stofnunin er nú nefnd Fjársýsla ríkisins og forstöðumaður hennar gegnir starfsheitinu fjársýslustjóri.

Samhliða nafnbreytingunni er gerð víðeigandi breyting á skipuriti stofnunarinnar. Innan Fjársýslunnar verða starfrækt 7 svið í stað þeirra 6 sem voru undir Ríkisbókhaldi. Ríkisfjárhirsla verður sjöunda sviðið en hin eru: bókhaldsþjónusta, innheimtukerfi, uppgjör og reikningsskil, tækni og þróun, starfsmannakerfi og eftirlits- og upplýsingarvið. Skilin milli ríkisfjárhirslu og annarra sviða verða skýrt afmörkuð með innri endurskipulagningu þar sem tryggt verður að bókun og greiðsla verði algjörlega aðskilin.

Þessi skipan mála, þ.e. að fela einni stofnun daglega fjármálaumsýslu ríkisins, er þekkt fyrirbæri í öðrum löndum. Nærtækt dæmi er Danmörk. Þessi breyting er liður í að styrkja stefnu stjórnvalda þar sem hagkvæmni og skilvirgni ríkisrekstrar eru lykilhugtök.

Innri markaður án skattalegra hindrana

Á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) er nú rétt um leiðir til að draga úr þeirri hindrun sem ólíkar skattareglur í einstökum löndum hafa á virkni innri markaðarins, sbr. stefnulýsingu framkvæmdastjórnar ESB (communication paper) frá því í október á síðasta ári sem bar yfirskriftina „Towards an Internal Market without tax obstacles“. Einkum eru ræddar tvær leiðir í þessum efnum:

- **Skattlagning í heimaríkinu (HST - Home State Taxation).** Fyrirtæki með starfsemi í fleiri en einu ESB ríki reikna skattskyldu samstæðu samkvæmt þeim reglum sem gilda í því ríki þar sem höfuðstöðvarnar hennar eru.
- **Sameiginlegur skattgrunnur (CCBT - Common Consolidate Base Taxation).** Fyrirtæki með starfsemi í fleiri en einu ESB ríki reikna út skattskyldu samkvæmt nýjum samevrópskum reglum.

Markmiðið með báðum leiðunum er að bæta virkni innri markaðarins og styrkja samkeppnisstöðu ESB með því að minnka kostnað við framkvæmd skattareglna, gera fyrirtækjum kleift að nýta sér tap á móti hagnaði innan alls innri markaðarins, forðast tvísköttun og eyða vandamálum tengdum ákvörðun milliverðs „transfer costs“.

Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar er miðað við að ríkin geti áfram ákvarðað skattprósenta sjálf. Á ráðstefnu um skattlagningu fyrirtækja innan ESB sem nýlega var haldin á vegum framkvæmdastjórnar ESB var nokkuð rétt um það hvort rétt væri að setja einhvern ramma um skattlagningu, t.d. gólf við 10% eða 15%, til þess að koma í veg fyrir „skaðlega“ skattasamkeppni. Það sjónarmið kom fram að sameiginlegar reglur um skattgrunn fyrirtækja væri

bara fyrsta skref ESB í að samræma skatthlutfall innan bandalagsins. Þegar grunnurinn væri orðinn einn og hinn sami væri hægara um vik að stíga skrefið í átt að einni skattprósentu. Á móti var bent á að í USA væru reglur um skattgrunn fyrirtækja nánast þær sömu í einstökum fylkjum en skattasamkeppni birtist hins vegar í ólíku skatthlutfalli.

Afstaða framkvæmdastjórnarinnar er sú að síðari leiðin (CCBT) sé vænlegri til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Nokkrar efasemdir komu fram á fyrrgreindri ráðstefnu um að unnt væri að ná því markmiði að setja reglur um einn sameiginlegan skattgrunn. Rétt var um hvort unnt væri að gera afmarkaða tilraun í nokkrum löndum. Þá var rétt um möguleika þess að nota alþjóðlega bókhaldsstaðla (IAS) sem fyrirmynd að reglum fyrir sameiginlegan skattgrunn.

Uptaka IAS reikningsskilastaðla innan ESB

Nú er til meðferðar á þingi ESB reglugerð um lögleiðingu reikningsskilastaðla IAS (International Accounting Standards). IAS staðlar eru alþjóðlegir reikningsskaðlar sem eru settir af alþjóðlegri nefnd sérfræðinga um reikningsskil, IASB (International Accounting Standards Board), sem hefur aðsetur í London.

Gerðin gerir ráð fyrir því að öll skráð félög á almennum verðbréfamarkaði innan ESB, þar með taldir bankar og tryggingafélög, verði að semja samstæðureikninga sína í samræmi við IAS staðlana. Flest bendir til þess að reglugerðin verði samþykkt á þessu ári en gert er ráð fyrir að hún taki gildi á árinu 2005. Verði reglugerðin samþykkt mun hún hafa áhrif hér á landi þar sem hún myndi falla innan gildissviðs EES-samningsins. Auk þessa hefur verið unnið að breytingum á 4. og 7. félagatilskipunum ráðsins um ársreikninga og samstæðureikningsskil til að hægt sé að taka upp IAS staðlana en þessar tilskipanir munu áfram vera grundvöllur ársreikninga fyrir félög með takmarkaða ábyrgð.

Til herra nær gerðin? Þrátt fyrir að einungis skráðum fyrirtækjum verði gert skylt að fara eftir stöðlunum við gerð samstæðureikninga þá er gert ráð fyrir því að aðildarríkjum verði heimilt að krefja óskráð félög og félög innan félagasamstæða um að semja reikningsskil eftir sömu stöðlum. Óskráð fyrirtæki sem hyggja á skráningu getu haft verulegan hag af því að eiga möguleika á að semja ársreikninga sína samkvæmt IAS stöðlunum og sama gildir um mörg millistór fyrirtæki. Ástæða þessa er m.a. sú að gerð reikningsskila samkvæmt IAS stöðlunum gæti auðveldað þessum fyrirtækjum aðgang að erlendu lánsfjármagni á hagstæðari kjörum þar sem auðveldara væri fyrir erlenda lánadrottna að meta fjárhagslega stöðu þeirra. Tilgangurinn með gerðinni er að auka gagnsæi og samanburðarhæfni reikningsskila fyrirtækja innan ESB.

Sam dæmi um áhrif reglugerðarinnar má nefna að hún myndi hafa bein áhrif á u.þ.b. 7000 skráð fyrirtæki innan ESB þar sem þeim bæri að laga reikningsskil sín að IAS fyrir árbyrjun 2005. Í dag er hins vegar einungis tæp 300 skráð fyrirtæki innan ESB sem færa bókhald sitt samkvæmt IAS stöðlunum. Varðandi áhrif hér á landi þá má geta þess að um það bil 25 fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands gera samstæðureikninga.

Þann 31. maí n.k. mun ráðuneytið í samstarfi við Félag löggiltra endurskoðenda halda kynningarfund um upptöku staðlanna og reikningsskilamál innan ESB í Salnum í Kópavogi.

Unnt er að nálgast frekara kynningarefni um reglugerðina og reglur ESB um [reikningsskil almennt](#) á heimasíðu ESB. Þar eru meðal annars [ýmsar fréttir](#) varðandi reikningsskil [svör við algengum spurningum](#) í tengslum við IAS staðlana og [úttekt](#) þar sem gerður eru samanburður á gildandi tilskipunum ESB um reikningsskil og IAS.

Tekjur ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Skatttekjur alls	8,8	2,9
Tekjuskattar	19,7	8,3
Tryggingagjöld	6,9	11,7
Eignarskattar	20,7	-17,5
Veltuskattar	0,5	-0,9
Tekjur alls	8,7	2,7

Gjöld ríkissjóðs janúar-mars		
12 mánaða breytingar, %	2000-2001	2001-2002
Almenn mál	-1,8	22,1
Félagsmál	20,7	13,1
Atvinnumál	30,8	-4,0
Vaxtagjöld	37,8	-51,7
Önnur útgjöld	40,8	9,2
Gjöld alls	22,7	0,8

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-mars		
M.kr.	2001	2002
Tekjur umfram gjöld	-1548	-522
Hr. lánsfjárfjónuður	-3751	66
Afborganir lána	-6400	-10753
Br. lánsfjárfjónuður	-13902	-12938
Lántökur	13113	15634
Greiðsluafkoma	-789	2696

Ýmsar helstu hagtolur		
12 mánaða br., %		
Verðbólga- maí 2001/02	5,5	5,9
Kjarnaverðb.- maí 2001/02	5,2	8,1
Launavísitala- mars 2001/02	9,2	8,7
Heildarvelta jan-des 00/01	8,4	12,7
Smás. velta jan-des 00/01	1,7	6,2
Atvinnuleysi- apríl 2001/02	1,6	2,6